

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 31/2011

2011/EES/37/25

frá 1. apríl 2011

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2010 frá 10. desember 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 298/2010 frá 9. apríl 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1451/2007 að því er varðar framlengingu á gildistíma undanþágna sem heimila setningu sæfiefna á markað ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/226/ESB frá 20. apríl 2010 um endurskoðun á takmörkunum sem varða keðjustutt, klóruð paraffín sem skráð eru í XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 12ze (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007):
„eins og henni var breytt með:
– **32010 R 0298**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 298/2010 frá 9. apríl 2010 (Stjtið. ESB L 90, 10.4.2010, bls. 4).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12zw (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/84/ESB):
„12zx. **32010 D 0226**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/226/ESB frá 20. apríl 2010 um endurskoðun á takmörkunum sem varða keðjustutt, klóruð paraffín sem skráð eru í XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 100, 22.4.2010, bls. 15).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 298/2010 og ákvörðunar 2010/226/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 17, 31.3.2011, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 90, 10.4.2010, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 100, 22.4.2010, bls. 15.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.